

## Athugasemdir við rammaáætlun

**„Markmið Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði er að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Í áætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufar og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði.“**

Rammaáætlun getur í núverandi mynd ekki talist endanlegt skjal, nein heildarlausn, og ætti ekki að ná út fyrir önnur lög um friðun svæða þar sem vinnanlega orku er að finna. Rammaáætlun á ekki að koma í stað mats á umhverfisáhrifum. Varhugavert er að líta á niðurstöður hennar út frá einhverri normalkúrfu, þ.e. hæstu einkun á að vernda, miðflokk að skoða nánar og lægstu einkunn að virkja þrátt fyrir að það sé kannski megin hugsunin með áætluninni.

Lítið fer fyrir mati á samfélagslegum áhrifum virkjana.

Hver hafa samfélagsleg áhrif stórvirkjana verið til þessa?

Hafa t.d. verið rannsókuð áhrif virkjana á Þjórsár/Tungnársvæðinu síðustu 4 áratugina á byggð og mannlíf á Suðurlandi?

Hafa áhrif Blönduvirkjunar eða Kárahnúkavirkjunar á samfélag og samfélagsþróun verið rannsókuð?

Áætlun sem tekur ekkert tillit til samfélagslegra áhrifa er í meira lagi gölluð.

Áætlun sem metur náttúru og umhverfi minna virði, en útreiknaðan fjárhagslegan ávinning orkufyrirtækja er einnig stórgölluð.

Rammaáætlun, sem unnin er eingöngu út frá hagsmunum og sjónarmiðum orkugeirans getur aldrei skapað sátt.

Sveitarfélög, sem treysta á tekjur frá orkufyrirtækjum, gleyma að styðja við skapandi atvinnuþróun, nýsköpun o.s.frv., og gera sig þar með háð orkufyrirtækjunum og með því fá orkufyrirtækin óeðlilega mikil völd í sveitarfélaginu.

Mjög bagalegt er að ekki eru metin í rammaáætlun samfélagsleg áhrif virkjana á ákveðnum svæðum. Efnistöð um samfélagsleg áhrif hefðu þurft öfluga þátttöku almennings og frjálsra félagasamtaka. Ljóst er að víða hafa skapast miklar deilur um fyrirhugaðar virkjanir. Sums staðar, eins og til dæmis í sveitarfélaginu við Þjórsá, hafa deildur staðið nær samfellt í hálföld. Deilurnar hafa mótað mjög samfélagið og verið íþyngjandi fyrir íbúa þess. Meðal þeirra verkefna sem íbúar á Þjórsársvæðinu hafa þurft að taka á sig er eftirlit með stjórnvöldum til að sjá til þess að stjórnslulögum í landinu sé framfylgt og hefur tilkostnaður fólks á svæðinu verið ærinn í þeim tilgangi. Mat faghópa á virkjunum í neðrihluta Þjórsár er mishátt, en þó ljóst að verndargildi laxastofns er hátt og menningaminjar merkilegar. Hvergi í rammaáætlun er þó tekið tillit til þess að sama hvernig virkjanir í neðri hluta Þjórsár raðast þá hefðu þær mikil neikvæð áhrif til langframa á samfélag fólks sem við ána býr.

Virðingarfyllt

Atie Bakker

Guðfinnur Jakobsson

Gerhard Plaggenborg

Skaftholti  
Skeiða og Gnúpverjahreppi  
801 Selfoss